

166
28. ágúst

AUGLÝSING

um bann gegn hundahaldi í Seltjarnarneshreppi.

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hefur hinn 31. marz 1953 samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, bannað allt hundahald í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. ágúst 1953.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

167
14. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Árnassýslu, nr. 122 11. júlí 1947.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunnjaldsskyldt (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. greinar.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunnjaldsskyld (útihús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. gr. og fellur í gjalddaga þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þess konar fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera 1000 krónur af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 krónur af hverju búi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunnjald skal greiða 45 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 70000 króna matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 70000 krónur allt að 500000 kr. matsverði og 5 af hundraði af því, sem er þar fram yfir, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.